

Föstudaginn 16. desember 1994.

Nr. 488/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Steinari Braga Lemacks Jósefssyni

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. desember sl., sem barst réttinum 14. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 18. janúar 1995, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími, og til þrautavara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð þennan til Hæstaréttar, og koma því framangreindar kröfur hans um annað en staðfestingu hins kærða úrskurðar ekki til álita.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að þeim brotum, er getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hans verður hann staðfestur þannig, að varnaraðila verður gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 18. janúar 1995.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Steinar Bragi Lemacks Jósefsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 18. janúar 1995.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Steinari Braga Lemacks, kt. 230378-5259, Esjurgund 10, Kjalarnesi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 18. janúar 1995 kl. 16.00.

Málavextir eru þeir, að kærði var handtekinn um hádegisbil í dag vegna tilkynningar um, að hann hefði keypt vörur í verslun einni í Kópavogi og greitt fyrir með fölsuðum tékka. Við leit á kærða fundust ávísanablöð úr tveimur tékkheftum á aðalbanka og austurbæjarútibú Landsbanka Íslands og úr einu tékkhefti á Lækjargötuútibú Íslandsbanka hf. Viðkomandi tékkheftum mun öllum hafa verið stolið í innbrotum í Reykjavík. Þá fannst á kærða stolið öskuskírteini, sem kærði hefur játað að hafa falsað og sett mynd af sér í. Einnig fannst á kærða ýmis varningur, sem hann hafði keypt fyrir hina fölsuðu tékka.

Kærði hefur játað hér fyrir dóminum að hafa haft undir höndum og notað eitthvað af hinum stolnu ávísanablöðum. Þá hefur hann einnig játað að hafa falsað hið stolna öskuskírteini. Hins vegar neitar hann að hafa átt aðild að innbrotunum, þegar ávísanaheftunum var stolið. Eitt innbrotanna var framið, þegar kærði sat í gæsluvarðhaldi.

Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins er reist á a- og c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Brot þau, sem kærða eru gefin að sök, geta varðað fangelsisrefsingu. Kærði er grunaður um brot gegn 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og hefur hann játað brotin að hluta. Málið er enn til rannsókna.

Kærði hefur þrívægis á þessu ári sætt gæsluvarðhaldi vegna auðgunar- og fölsunarbrota, nytjastuldar, brota á umferðarlögum og brota á lögum um ávana- og fíkniefni. Hinn 6. desember sl. höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur kærða vegna átta þjófnaðarbrota, tveggja brota vegna nytjastuldar og brots vegna fölsunar, og eru þau brot til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Kærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi 7. desember sl. kl. 16.00, en var handtekinn innan við tveimur sólarhringum síðar. Rannsóknargögn málsins sýna, að brotaferill kærða hefur verið nær óslitinn frá lokum ágústmánaðar á þessu ári, og þykir ástæða til að ætla, að kærði haldi áfram afbrotum, meðan máli hans er ólokið, fari hann frjáls ferða sinna.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með skírskotun til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, en þó þykir nægjanlegt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til föstudagsins 30. desember 1994 kl. 16.00.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Steinar Bragi Lemacks, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. desember 1994 kl. 16.00.